

Stjórnarfundur FHB miðvikudaginn 13. janúar 2016

Mætt voru Sveinn, Vignir, Eysteinn, Magnús, Jón og Hallveig sem ritaði fundargerð

Dagskrá stjórnarfundar Félags hrossabænda.

1. Þróun búnaðargjaldsgreiðslna til félagsins.
2. Samningur Félags hrossabænda vegna markaðsverkefnisins Íslenski hesturinn.
3. Aðkoma Félags hrossabænda vegna gerðar reglna um aðbúnað og meðferð hjá hestaleigum.
4. Skipa fulltrúa í Fagráð í hrossarækt.
5. Skipa fulltrúa í Fagráð sem Hólaskóli er að setja á laggirnar.
6. Skipa fulltrúa í landsliðsnefnd LH.
7. Þátttökugjald kynbótahrossa á LM.
8. Erindi frá Arinbirni Jóhannssyni á Brekkulæk.
9. Önnur mál.

Sveinn Steinarsson formaður setur fundinn og er gengið til dagskrár.

Undir 1. lið kom Sigurður Eypórsson inná fundinn og fór yfir stöðuna varðandi búnaðargjaldið. Nýfallinn er dómur sem snýr að svínaræktinni og enn ekki ljóst hvort hann hafi fordæmisgildi fyrir svínaræktina einungis eða landbúnaðinn í heild. Umræður fóru fram um til hvað leiða væri horft þegar búnaðargjaldið fellur niður og greindi Sigurður frá því sem hafði verið í umræðunni, en ljóst er að áhrifa á tekjur gætir strax og gjaldið verður fellt niður. Til upplýsingar fór Sigurður yfir hvernig búnaðargjaldið dreifist milli BÍ, RML og FHB.

Sigurður greindi frá því að leiðbeiningaþjónustan fær líklega framlög í gegnum búnaðarlagasamninginn þegar búnaðargjald dettur út. Gjöld til B.Í þyrftu þá að koma í gegnum félagsgjöld og þarf hvert félag því að móta sína gjalddöku. BÍ er með í mótun hvað aðildarfélög þurfa að uppfylla en fullgilt félag þarf að hafa a.m.k 50 félagsmenn sem eru líka fullgildir félagar í BÍ eða hafa 500 milljóna veltu pr. Ár (fáir framleiðendur, há velta s.br. svína og kjúklingabændur). Lágmarksgjald búgreinafélags til B.Í er 400.000 þ.e.a.s. til að hafa fulla aðild. Eitt félagsgjald pr. bónda dugur til BÍ óháð því í gegnum hvaða félag hann greiðir.

Spurt er hverjir teljast eiga að greiða búnaðargjald: Sigurður: það er miðað við 1 millj. í veltu í greininni. Sveinn nefnir að stór hluti félaga í Félagi hrossabænda er ekki að greiða búnaðargjald, og veltir upp hvernig best sé að haga næstu skrefum. Ljóst er að breyting verður á aðildargjöldum til félagsins og að stjórn með aðstoð BÍ þurfi að finna réttu leiðina sem tryggir félaginu ákveðinn tekjugrunn. Sigurði Eypórssyni var þakkað hans aðkomu að fundinum og yfirgaf hann fundinn.

2.liður : Formaður fór yfir stöðu markaðsverkefnisins. Byrjað er að kynna verkefnið fyrir einstaklingum sem líklegir eru til þátttöku og gengur það allvel.

Sveini falið að ganga frá undirritun þátttökusamnings í markaðsverkefninu f.h. Félags hrossabænda

3.liður Formaður greinir frá því að óskað hafi verið eftir samstarfi við FHB af hálfu Mast við að stuðla að gerð viðmiðunarreglna hvað varðar aðbúnað og fleira í samstarfi við aðila í hestatengdri ferðaþjónustu. Hestaferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein sem ber að fagna og er eðlilegt að

aðilar komi sér saman um hvað beri að miða við í sambandi við aðbúnað og álag á hrossin svo að ásýnd og velferð megi vera sem best.

Stjórnarmenn sammála um að þessu mikilvæga máli verði sinnt af hálfu félagsins.

4.liður Stjórn leggur til og samþykkir að Bjarni Páll Vilhjálmsson í Saltvík verði fulltrúi FHB í fagráð og kemur hann í stað Baldvins Ara Guðlaussunar: Baldvin Ari fær þakki fyrir hans störf í fagráði undanfarin ár.

5.liður. Stjórn leggur til og samþykkir að Vignir Sigurðsson verður fulltrúi FHB í fagráði Hólaskóla og varamaður hans verður Magnús Jósefsson.

6. liður. Stjórn skipar Benedikt Benediktsson á Kvistum fulltrúa í landsliðsnefnd LH og mun formaður tilkynna það til formanns landsliðsnefndar.

7.liður. Formanni falið að leita eftir því við landsmótshaldara að það gjald sem tekið er af kynbótahrossunum á komandi landsmóti verði það sama og þáttökugjald annarra hrossa sem taka þátt í mótinu.

8. liður. Erindi frá Arinbirni á Brekkulæk þar sem hann óskar eftir stuðningi v.sýningarinnar í Frederikshavn í byrjun febrúar (Pferd Bodensee), samþykkt að veita honum styrk að upphæð 100.000 og formanni falið að ganga frá því máli.

9.liður. Önnur mál :

Þorvaldur Kristjánsson kom inn á fundinn og fór yfir fundargerð síðasta fagráðsfundar (14.des 2015) með Sveini Steinarssyni - [Fundargerð fagráðs 14.desember 2015](#) Nýir útreikningar bætast við á árinu – kynbótamat keppnisgreina og skoðað hvernig hross skila sér til dóms (útfrá uppruna eða ætterni). Fór yfir úthlutanir úr stofnverndarsjóði. Samþykktir aðalfundar sem vísað var til fagráðs og fl.

Vignir: er eitthvað sem þarf að undirbúa fyrir Búnaðarþing ? – formaður segir ekkert sérstakt hafa verið undirbúið en enn sé tími ef menn hafa eitthverar tillögur.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið